

# Aðalfundur Samtaka náttúrustofa (SNS)

**Haldinn á Hvolsvelli 13. október 2010 kl. 15:30**

Fráfarandi formaður, Jón Ágúst Jónsson, setti fundinn

Fundarstjóri: ?????, ritari aðalfundar: Þorsteinn Sæmundsson

Dagskrá.

Aðalfundur SNS.

1. Skýrsla stjórnar.
  - a) Skýrsla formanns.
  - b) Skýrslur vinnuhópa.
2. Afgreiðsla reikninga.
3. Lagabreytingar.
4. Kosning stjórnar.
5. Skipun í vinnuhópa.
6. Kosning skoðunarmanna reikninga.
7. Ákvörðun um árgjöld og/eða önnur framlög.
8. Önnur mál.

## 1. Skýrsla stjórnar

### a. Skýrsla stjórnar

#### **Inngangur**

Samtök náttúrustofa (SNS) voru stofnuð þann 16. maí árið 2002. Aðild að samtökunum eiga allar sjö náttúrustofur landsins. Helstu markmið með stofnun Samtaka náttúrustofa eru að efla starfsemi, samstarf og kynningu náttúrustofa, fjalla um sameiginleg málefni þeirra og auka samstarf við stofnanir á sviði náttúrufræða og umhverfisverndar. Þá er stefnt að auknu samstarfi um umhverfismál við umhverfisráðuneytið og sveitarfélög.

#### **Stjórn**

Starfsárið 2009-2010 fór Jón Ágúst Jónsson, Náttúrustofu Austurlands, með formennsku í SNS en meðstjórnendur voru, Róbert A. Stefánsson, Náttúrustofu Vesturlands og Þorleifur Eiríksson, Náttúrustofu Vestfjarða. Þrátt fyrir að þrír forstöðumenn náttúrustofa sitji í stjórn SNS hverju sinni hefur skapast sú venja að flest mál eru borin undir alla forstöðumenn sé þess kostur, en stjórnin ber þá ábyrgð að hafa frumkvæði og fylgja málum eftir. Á starfsárinu voru haldnir átta

stjórnarfundir: 2. nóvember, 19. janúar, 5. febrúar, 12. febrúar, 15. mars, 1. júní, 10. september og 13. október. Jafnframt var talsvert notast við tölvupóst til samskipta.

## **Starfsárið 2009-2010**

Hér verður stiklað á stóru og reynt að gefa yfirlit yfir helstu viðfangsefni Samtaka náttúrustofa á liðnu starfsárinu. Um frekari upplýsingar vísast í fundargerðir stjórnar.

### Fundur með fjárlaganefnd Alþingis

Fulltrúar forstöðumanna náttúrustofa funduðu með fjárlaganefnd Alþingis 6. nóvember. Þar var mikilvægi ríkisframlagsins áréttað og nefndinni fært minnisblað um ríkisfjárveitingar til náttúrustofa árið 2010.

### Kynning á starfsemi náttúrustofa

Formaður flutti erindi um náttúrustofur á ársfundi Náttúrufræðistofnunar Íslands 19. mars.

### Fundur með NÍ, UST og umhverfisráðuneyti

Þann 24. mars funduðu forstöðumenn náttúrustofa með fulltrúum Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og umhverfisráðuneytis. Á fundinum var farið yfir núverandi samstarf þessara aðila og mögulegt framtíðarsamstarf rætt. Fundurinn var haldinn í samræmi við ákvæði í samningi milli umhverfisráðuneytisins og sveitarfélaga um rekstur náttúrustofa.

### Sameiginleg ársskýrsla

Ákveðið var að gefa út sameiginlega ársskýrslu allra náttúrustofa fyrir árið 2009. Kjörin var sérstök ritnefnd sem hafði umsjón með gerð skýrslunnar. Í nefndinni áttu sæti Anna Guðrún Edvardsdóttir sem var jafnframt formaður nefndarinnar (NAVE), Róbert A. Stefánsson (NSV) og Helgi Páll Jónsson (NNV). Sameiginleg ársskýrsla kom út í október.

### Umsagnir til hins opinbera

Á starfsárinu veittu Samtök náttúrustofa Umhverfisnefnd Alþingis umsögn um frumvarp til laga um stjórn vatnamála. Einnig var Iðnaðarnefnd Alþingis veitt umsögn um frumvarp til laga um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og háhitasvæða. Loks var ábendingum komið á framfæri við umhverfisráðuneytið í tengslum við fyrirhugaða endurskoðun náttúruverndarlaga.

### Árvisstættvangsferð

Náttúrustofa Austurlands hafði umsjón með 5. vettvangsferð náttúrustofa sem farin var dagana 20.-23. júlí á Snæfellsöræfi. Þar var m.a. safnað upplýsingum um gróðurfar, fugla og vatnalíf. Ferðin var vel sótt.

### Fræðsluerindi

Samtök náttúrustofa stóðu fyrir fyrirlestraröð veturinn 2009-10. Fyrirlestrunum var varpað um fjarfundabúnað víðs vegar um land. Erindin voru áhugaverð og aðsókn góð.

### Heimasíða

Samtök náttúrustofa halda úti heimasíðu ([www.sns.is](http://www.sns.is)) þar sem finna má helstu upplýsingar um Samtökin. Náttúrustofa Vestfjarða annast uppfærslu síðunnar.

### Náttúrustofuþing

Árlegt náttúrustofubing fer að þessu sinni fram á Hvolsvelli. Samhliða því er haldinn aðalfundur Samtaka náttúrustofa og vinnufundur starfsmanna.

## Niðurlag

Að lokum vil ég þakka meðstjórnendum og samstarfsfólki á náttúrustofum landsins fyrir ánægjulegt samstarf og vel unnin störf í þágu samtakanna. Öðrum samstarfsaðilum færi ég einnig þakkir fyrir gott samstarf á liðnu ári.

Fyrir hönd stjórnar Samtaka náttúrustofa,

---

Jón Á. Jónsson, formaður

### b. Skýrslur vinnuhópa

- i. Samvinnuhópur við Umhverfisstofnun. Ingvar A. Sigurðsson og Þorleifur Eiríksson. Sent var bréf frá SNS til UST en ekki barst neitt svar.
- ii. Samvinnuhópur við Náttúrufræðistofnun Íslands. Þorsteinn Sæmundsson og Róbert Stefánsson. Einn fundur var haldinn. Lítið hefur gerst.
- iii. Samstarfsnefnd við fræðasetur Háskóla Íslands. Þorkell Lindberg Þórarinsson og Sveinn Kári Valdimarsson. Ekkert gerðist markvert á árinu.
- iv. Vinnuhópur um mófuglavöktun. Halldór Walter Stefánsson. Einn símafundur var haldinn á árinu. Gunnar Þór Hallgrímsson, Náttúrustofu Reykjaness var sendur á ráðstefnu á vegum SNS. Yann Kolbeinsson tók yfir stjórn verkefnisins. Niðurstaða að halda þessu verkefni áfram áfram.
- v. Ritnefnd vegna ársskýrslu SNS 2009. Anna Guðrún Edvardsdóttir, Helgi Páll Jónsson og Róbert Arnar Stefánsson sátu í ritnefnd ársskýrslunnar. Skýrslan kom út og vakti töluverða athygli.

2. Afgreiðsla reikninga. Þorleifur lagði fram reikninga SNS og fór í gegnum rekstrargjöld lið fyrir lið. Sjá meðfylgjandi reikninga. Reikningar samþykktir.  
**Þorleifur getur þú ekki sent mér þetta?**
3. Lagabreytingar. Engar lagabreytingar voru bornar upp á aðalfundinum.
4. Kosning stjórnar. Eftirfarandi aðilar voru kosnir í stjórn félagsins. Þorleifur Eiríksson, formaður; Jón Ágúst Jónsson og Sveinn Kári Valdimarsson.
5. Skipun í vinnuhópa. Jón í ritnefnd. **(Hér sofnaði ég)**
6. Kosning skoðunarmanna reikninga. Linda Björk Holm og Kristín Ágústsdóttir voru kosnar sem skoðunarmenn (konur) reikninga.
7. Ákvörðun um árgjöld og/eða önnur framlög. Ákveðið að halda óbreyttu sniði.
8. Önnur mál.
  - a. Umhverfisevntun sveitarfélaga: Aðalfundur Samtaka náttúrustofa, haldinn á Hvolsvelli 13. október 2010, lýsir stuðningi við hugmyndir um að sveitarfélög landsins stígi skref í átt til sjálfbærrar þróunar með því að ganga inn í umhverfisevntunarferli EarthCheck eins og sett var fram í greinargerð um umhverfisevntun Íslands haustið 2009. Samtökin lýsa sig reiðubúin til að taka virkan þátt í þeirri vinnu í samstarfi við sveitarfélögin og aðra þá sem áhuga hafa á að stuðla að framgangi málsins.